

Fundargerð Háskólaráðs 12.11.2015

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor (Skype), Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Hallur Jónasson fulltrúi meistaránema, Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnnema, Stefán Freyr Benónýsson fulltrúi Háskólagáttarnema, Gauti Skúlason fulltrúi grunnnema og Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu.

Fjarverandi: Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnnema,

Áheyrnarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri, Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar, 166 fundur.**

Samþykkt

2. **„Strategic Plan“ – afgreiðsla**

Rektor kynnir ferilinn og hver staða skjalsins er, „Strategic plan“ - er í eftirfylgni ferlinu vegna gæðaúttektarinnar. Lokaskil skólans til úttektarnefndarinnar eru í byrjun næstu viku.

Rektor kynnir skjalið, fer yfir kaflana og inntak þeirra. Nokkrar ábendingar komu fram um texta og frágang skjalsins. Prófarkalestur er eftir sem og lokafrágangur þess.

Ábending kom fram um viðbætur um hvernig staðið er að því að hvetja nemendur til að fara í skiptinám.

Háskólaráð samþykkir inntak skjalsins.

Óí kom til fundar kl. 15.30 undir þessum lið.

3. **Reglugerðarbreyting vegna nýráðninga starfsmanna og nýjar reglur um nýráðningar**

Gæðastjóri kynnir tillögu að reglugerðarbreytingu vegna nýráðninga akademískra starfsmanna sem unnin hefur verið í starfshópi vegna eftirfylgni gæðaúttektarinnar, sem var send til ráðsins í gær. Breytingin er í 2. kafla reglugerðarinnar, greinar 10. – 13.

Rektor fer yfir helstu efnisatriðin.

Breytingarnar samþykktar.

Einnig kynnir gæðastjóri tillögu um reglur um störf dómnefnda, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Bifröst, sem einnig hefur verið unnin í sama hópi.

Hér er um að ræða nýjar reglur innan skólans.

Rektor fer yfir skjölin og helstu efnisatriði. Umræður m.a. um framgang aðjúnkta.

Reglurnar samþykktar.

4. Staða gæðamála

Gæðastjóri kynnir stöðu vinnu vegna eftirfylgni gæðaúttektar á skólanum. Eins og fram hefur komið eru fimm vinnuhópar að störfum og eru þeir að ljúka sinni vinnu þessa dagana. Mikil vinna hefur verið lögð í textaskrif og öflun ýmis konar upplýsinga. Skil skýrslunnar eru í byrjun næstu viku. Skýrslan samanstendur af: inngangskafli, tölfræðikafli, „strategic plan“ kafli, kafli um ráðningar, stjórnskipulagskafli og fjárhagskafli og loks er það samantekt. Þegar úttektarnefndin hefur fengið skýrsluna í hendur verður metið hver næstu skref verða í ferlinu. Þess er vænst að nefndin komi hingað fyrir áramót.

5. Fjárhagsáætlun 2016

Rektor kynnir tillögu að fjárhagsáætlun 2016, sem verður til afgreiðslu í stjórn skólans á morgun, en hún hefur áður verið kynnt í ráðinu. Þar kemur m.a. fram að lagt er til að hluta af fjárveitingu til markaðsmála verði ráðstafað í samráði við nemendafélög eins og tillaga kom um á fundi rektors með miðstjórn nýlega. Innifalið í tillögunni er hækkun skólagjalda fyrir skólaárið 2016-2017.

Umræður um skólagjöldin og ástæður hækkana. Ljóst að vanda þarf til kynningar á ákvörðuninni.

Fjármálastjóri fer yfir áætlunina, það lítur út fyrir að hún verði á núlli. Talið er að það skorti á ríkisframlag til skólans.

6. Önnur mál

- a) Fulltrúi vekur athygli á skýrslu um LSH sem kom út nýlega á vegum Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins og gerði athugasemd við frágang hennar og fleira. Lögð er áhersla á að vandað sé til verka þegar skýrslur koma út í nafni skólans.

Fundi slitið kl. 17.08

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir

Fundargerð samþykkt á fundi háskólaráðs 2. desember 2015.